

Funfargerð stjórnarfundar, 10. 4. 2014

Staður:	Grenimelur 44, Reykjavík
Tími:	10. 4. 2014, kl. 20.00 til kl. 21.30
Viðstaddir:	Formaður Kjartan Kárason Fulltr. Hlíðarbrautar Einar R. Sigurðsson Fulltr. Heiðarbrautar Sigurlaug Guðmundsd. Fulltr. Króks Hjalti Elíasson Fulltr. Keldudals Guðrún S.Ólafsdóttir Gestur á fundinum var Sigurbjörg Ólafsdóttir, landnemi í Keldudal og systir Guðrúnar.
Fjarverandi:	Fulltr. Gilbrautar Sveinn Baldursson Fulltr. Hólsbrautar Valdimar Reynisson

Fyrsta mál fundarins var mikil umræða um leigusamningana við SR Sigurbjörg og Guðrún hafa fengið annað bréf frá Þjóðskrá Íslands varðandi misræmis í skráningu húseignar þeirra á svæðinu, ljósrít af slíku bréfi fylgir fundargerð. Málið var rætt aftur og fram og niðurstaða fæst ekki vegna þess að maður lendir alltaf í öngstræti. Samningur frá 1988 á milli ráðuneytis og SR var skoðaður og rætt um hvaða skref eða aðgerðir væru færar núna. Niðurstaðan var sú að Sigurbjörg ætlar að hafa samband beint við Fjármálaráðuneytið og ræða við þann sem hefur með þessa samninga að gera, í þeim tilgangi að hægt sé, í eitt skipti fyrir öll, að ljúka þessari samningagerð.

Annað mál fundarins var að ræða um framkvæmdir sumarsins. Ástand veganna liggur ekki ljóst fyrir en eru væntanlega í þokkalegasta lagi, samk. afspurn. Talað var um að taka það mál upp aftur á fundi eftir páskana þar sem einhverjir stjórnarmanna reikna með að fara austur í frínu. Kjartan ætlar að tala við Valdimar um útvegum á plöntum fyrir sumarið.

Ákveðið var að halda aðalfund félagsins 14. maí 2014 og næsta stjórnarfund 28. apríl 2014. Fundi var slitið kl. 21.30